

Jesús Kristur er ljós, von og líf heimsins



*Kennið þær
ritningargreinar
og tilvitnanir sem
uppfylla þarfir*

systranna sem þið heimsækið.

*Berið vitni um kenninguna. Biðjið
systurnar sem þið kenið að miðla
af því sem þær upplifa og læra.*

Hvernig er Jesús Kristur ljós og líf heimsins?

1 Ne 17:13: „Einnig mun ég vera ljós yðar í óbyggðunum. . . . Þér munuð þess vegna verða leidd til fyrirheitna landsins, ef þér haldið boðorð mín. Og það skuluð þér vita, að það er ég, sem leiði yður.“

Öldungur Dallin H. Oaks

Í Tólfpostulasveitinni: „Jesús Kristur er ljós og líf heimsins. Allt var af honum gjört. Jesús Kristur er skaparinn, undir leiðsögn og samkvæmt áætlun Guðs föðurins, uppspretta ljóss og lífs allra hluta. . . .

Jesús Kristur er *ljós* heimsins, því hann er sú uppspretta ljóss sem kemur úr návist Guðs til að fylla ómælisgeiminn (K&S 88:12). Hann er ‚hið sanna ljós, sem lýsir hverjum

manni, sem í heiminn kemur‘ (K&S 93:2). Fordæmi hans og kenningar lýsa veginn sem okkur ber að halda. . . .

Jesús Kristur er *líf* heimsins, vegna einstæðrar stöðu hans sem ritningarnar segja birtast í ‚hinni miklu eilífðaráætlun um frelsun frá dauða‘ (2 Ne 11:5). Upprisa hans og friðþæging frelsar okkur bæði frá líkamlegum og andlegum dauða“ (“The Light and the Life,” *Liahona*, des. 1997, 42–43; sjá *New Era*, des. 1996, 6).

Hvernig finn ég von í Jesú Kristi?

Dieter F. Uchtdorf forseti, annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu:

„Fagnaðarerindi Jesú Krists hefur guðlegan kraft til að lyfta okkur í hæstu hæðir, frá því sem stundum virðist óbærileg byrði eða veikleiki. Drottinn þekkir aðstæður okkar og vanda. Hann sagði við Pál og okkur öll: ‚Náð mín nægir þér.‘ Og líkt og Páll getum við svarað: ‚Mátturinn fullkomnast í veikleika. Því vil ég helst hrósa mér af veikleika mínum, til þess að kraftur Krists megi taka sér bústað í mér‘ (2 Kor 12:9)“

(“Have We Not Reason to Rejoice?” *Liahona* og *Ensign*, nóv. 2007, 19).

Julie B. Beck, aðalforseti

Líknarfélagsins: „Mormón spyr: ‚Í hverju skal von yðar fólgin?‘ Svar hans er þessi þríþætta von: ‚Þér skuluð eiga von fyrir friðþægingu Krists og kraft upprisu hans, að vera reistir til eilífs lífs‘ (Moró 7:41).

Þegar við vorum skírð urðum við hluttakendur í hinni fyrstu miklu von, friðþægingu Krists. Í hvert sinn er við meðtökum sakramentið, gefst okkur kostur á nýju upphafi. . . . Von okkar og trú á frelsarann mun aukast er við iðrumst og breytum okkur sjálfum. . . .

Hin önnur mikla von er upprisan. Öll eignum við fyrirheit um upprisu fyrir frelsara okkar Jesú Krist. . . .

Hin þriðja mikla von, sem leiðir af friðþægingunni og upprisunni, er eilíft líf. . . . Við trúum einnig á gleðiríkt eilíft líf sköpunar, þjónustu og visku, vegna þess að við höfum frelsara. Við erum þegar á hinum beina og þrönga vegi og vonin brosir björt við okkur. . . . Við þurfum aðeins að vera á þeim vegi og halda áfram í staðfastri von“ (“There Is Hope Smiling Brightly before Us,” *Liahona* og *Ensign*, maí 2003, 103–5).